

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 135/2310
komudagur 21.4.2008

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða

Almennt álit

Reglugerð (EB) nr. 882/2004 fjallar um opinbert eftirlit til að tryggja sannprófun þess að lög um fóður og matvæli og reglur um dýraheilbrigði og velferð dýra séu virtar. Í 5. gr. þessarar reglugerðar er sagt að stjórnvaldi sé heimilt að fela faggiltum skoðunarstofum ákveðin skilgreind verkefni sem varða framkvæmd hins opinbera eftirlits. Þessi heimild er sett inn í lög nr. 93/2005, um matvæli (23. gr) og lög nr. 55/1998 um sjávar- og eldisafurðir (16. gr.) en ekki inn í önnur lög sem frumvarpið nær yfir en þar er um eftirfarandi lög að ræða:

Lög nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Lög nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr. Lög nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum. Lög nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

Þar sem reglugerð (EB) nr. 882/2004 nær yfir öll ofangreind lög er eðlilegt að ákvæði 5. gr. gildi einnig fyrir þau eins og lög um matvæli og sjáva- og eldisafurðir.

Lög nr. 93/21995 um matvæli (vísað er í greinar lagana)

II. kafli. Skilgreiningar.

4. gr. Eftirlitsaðilar – hæpið að skilgreina MAST, sem er lögbær stjórnvaldsstofnun, einungis sem “eftirlitsaðila”. Faggildar skoðunarstofur annast eftirlit í umboði stjórnvaldsins og ættu því einnig að falla undir þessa skilgreiningu. Í málvitund flestra er “eftirlitsaðili” nátengdur orðinu “eftirlitsmaður”, en það er sá sem framkvæmir eftirlitið. Þetta orð hefur því ekki neina beina tilvísun í viðkomandi stjórnvaldsstofnun. Matvælastofnun (Fiskistofa) hefur hingað til verið kallað stjórnvald, eða lögbært stjórnvald (competent authority) og hefur haft með höndum s.k. stjórnvaldsaðgerðir (gerð skoðunarleiðbeininga, veiting og svifting vinnslu- og starfsleyfa, lokunaraðgerðir, sóthreinsiaðgerðir, sölubann, endurköllun og eyðingu vöru svo eitthvað sé nefnt (EC No. 882/2004, Title VII, Chapter I, art. 54)). Eftirlitsaðilar á vegum stjórnvaldsins hafa verið nefndir “eftirlitsmenn” en þeir sem skoða á vegum skoðunarstofu, “skoðunarmenn”. Almenn er farið mjög frjállega með þessi hugtök í þessum lögum og lögum um sjávar- og eldisafurðir. Talað er um “eftirlitsaðila”, faggiltan eftirlitsaðila”, “til þess bærán aðila”, “faggilta

skoðunarstofu” og “eftirlitsmenn Mast”. Hérna þarf því að samræma og skilgreina hvað mismunandi hugtök þýða.

Faggilding skilgreind sem “formleg staðfesting á því að starfsemi rannsóknarstofa (prófunarstofa), vottunarstofa og eftirlitsaðila fari fram samkvæmt settum reglum”. Hér vantar að geta um “skoðunarstofur” nema gert sé ráð fyrir að þær falli undir “eftirlitsaðila”. Gera þarf greinarmun á skoðunarstofu, vottunarstofu og prófunarstofu.

Vantar skilgreiningu á faggiltri skoðunarstofu. Í art. 2 í reglugerð (EC) No. 882/2004 er að finna skilgreiningu á “control body” sem er óháður aðili sem stjórnvaldið hefur falið að annast ákveðin verkefni fyrir sína hönd.

23. gr. “Matvælastofnun er heimilt að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum um faggildingu o.fl. að annast tiltekin verkefni við framkvæmd eftirlitsins.....” Þessi skilgreining er of víð. Samkvæmt reglugerð (EU) 882/2004, 5.g. (c) má ekki fela neinum framkvæmt eftirlitsins nema óháðum faggiltum skoðunarstofum, sem faggiltar eru samkv. staðlinum EN 45 004, Type A. “General criteria for operation of various types of bodies performing inspections” (sambærilegur ISO-staðall er; ÍST EN ISO/IEC 17020:2004). Í þessari grein ber því að vísa beint í viðkomandi staðal þegar talað er um framkvæmd eftirlitsins eins og gert er í 882/2004, 5.gr. (c).

25. gr. Þessi grein er sambærileg við 31. gr. í lögum nr. 55/1998 um sjávar – og eldisafurðir, en í lok þeirrar greinar er sagt að ákæði þessarar greinar skuli einnig gilda um eftirlit sem Matvælastofnun felur faggiltum skoðunarstofum að framkvæma. Eðlilegt er að þessi lokasetning verði einnig færð inn í 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli þar sem reglugerð (EU) nr. 882/2004 (5.gr.) gerir í raun ráð fyrir að stjórnvaldið geti falið faggiltum skoðunarstofum framkvæmd eftirlits með öllum matvælum, sem reglugerðin nær yfir, ekki bara sjávar-og eldisafurðum.

Lög nr. 55/1998 um sjávar- og eldisafurðir (vísað er í greinar lagana)

3.gr. “Lögin taka ekki til smávöruverslunar innanlands” Eðlilegt væri að þessi lög tæki einnig til smávöruverslunar innanlands með fisk- og fiskafurðir.

4. gr. Lög nr. 93/1995, um matvæli gilda um sjávar-og eldisafurðir. Hvers vegna eru þessi lög ekki bara sameinuð í ein lög um öll matvæli?

14. gr. Framleiðslustöðvar dýrafóðurs úr sjávarafurðum eru teknar út úr lögnum og falla væntanlega undir lög um dýrafóður. Hvers vegna á það sama ekki við um fiskimjöl, sem eingöngu er notað í dýrafóður?

Talað er um að vinnsluleyfi skuli binda vinnslu tilgreindra afurða. Reynslan af þessu hefur ekki verið góð. Betra að binda leyfið ákveðnu húsnæði og ábyrgðarmanni. Innra eftirlit fyrrirtækisins tekur síðan á því að mismunandi kröfur þarf að gera til framleiðslu mismunandi afurða.

16. gr. Talað um að Matvælastofnun geti svipt skoðunarstofunnar starfsleyfi sínu. Í fyrri útgáfu laganna var talað um að Matvælastofnun veitti skoðunarstofunum starfsleyfi, en þetta ákvæði er búið að fella út ásamt því að gjald Matvælastofnunar fyrir viðurkenningu á skoðunarstofu skuli vera 200.000 kr. Í reglugerð (EC) No.

882/2004 er ekki gert ráð fyrir að stjórnvaldsstofnunin veiti skoðunarstofunum starfsleyfi heldur ávinna þær sér þessi réttindi með því að uppfylla kröfur faggildingarstaðalsins og halda þeim svo lengi sem þær standast úttekt faggildingaraðilans og stjórnvaldsins á starfsemi sinni (Chapter II, article 5 (3)). Ef í ljós kemur að skoðunarstofan stendur ekki við samninginn við stjórnvaldið getur það sagt honum upp á fyrirvara.


“Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um skilyrði og störf faggiltra skoðunarstofa samkvæmt lögum þessum”. Þessi reglugerð ætti að vera óþörf þar sem skoðunarstofa ávinnur sér rétt til að starfa sem faggilt skoðunarstofa með því að uppfylla kröfur viðkomandi staðals og standast úttekt viðurkennds faggildingaraðila (SWEDAC). Í þeim samningi sem gerður er á milli Mast og skoðunarstofunnar kemur svo væntanlega fram í hverju verkefnið sem Mast felur skoðunarstofunni að annast er falið og hvernig standa skuli að framkvæmd þess.

17.gr. Í upphafi greinarinnar er talað um “forsvarsmenn starfs- og vinnsluleyfifshafa” Í breyttum lögum eru þessir aðilar nefndir “stjórnendur”.

Reykjavík, 21.04.2008


Tækninefnd skoðunarstofa í sjávarútvegi,

F.h. Frumherja hf.



Róbert Hlökkversson

F.h. Aðalskoðunar hf.



Reynir Þrastarson